

## Skýrsla UFA Eyrarskokks 2021

Starf UFA Eyrarskokks var blómlegt á árinu og voru virkir félagsmenn vel yfir eitthundrað. Að venju var boðið upp á skipulagðar hlaupaæfingar þrisvar í viku sem voru vel sóttar. Líkt og árið á undan þurfti um tíma að aðlaga æfingar að samkomutakmörkunum vegna covid svo þær vikur sem ekki var hægt að halda úti hefðbundnum æfingum fylgdu hlauparar prógrammi þjálfara og hlupu ýmist einir eða í litlum hópum. Rannveig Oddsdóttir var líkt og undanfarin ár aðalþjálfari hópsins en auk hennar komu Gunnar Atli Fríðuson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Þorbergur Ingi Jónsson og Heiðrún Jóhannsdóttir að hlaupaþjálfun. Á vormánuðum var haldið hlaupanámskeið undir leiðsögn Sonju Sifjar Jóhannsdóttur, Gunnars Atla Fríðusonar og Þóreyjar Sjafnar Sigurðardóttur. Um 50 manns sóttu námskeiðið og hluti þess hóps gekk í Eyrarskokkið að námskeiðinu loknu.

Eyrarskokkarar voru duglegir að taka þátt í haupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu. Það er þá mánuði sem hægt var að halda slíka viðburði, því vegna fjöldatakmarkana út af Covid var ekki hægt að halda hlaup með hefðbundnum hætti fyrstu mánuði ársins eða þá síðustu. Glugginn sem gafst til keppnishlaupa var þó heldur stærrí í ár en árið á undan og nýttu Eyrarskokkarar það vel. Líkt og undanfarin ár fjölmenntu Eyrarskokkarar í Laugavegshlaupið sem haldið var 16. júlí og minni hópar tóku sig saman um ferðir í fleiri hlaup, svo sem Hengil Ultra, Dyrfjallahlaupið, Austur Ultra og North Ultra. Þá var farið í tvær hlaupaferðir þar sem hlaupnar voru skemmtilegar leiðir á Norðurlandi. Í maí var hlaupið frá Grenivík út Látraströnd og síðan siglt yfir á Hauganes í heita potta og mat. Heldur kalt var á hlaupurum í þeirri ferð og snjóalög þyngri en ráð var fyrir gert á síðasta legg leiðarinnar. Hlauparar létu það þó ekki á sig fá og kláruðu allir kátir og glaðir. Í september var hlaupið yfir Heljardalsheiði og farið í sund og mat á Hofsósi. Betur viðraði á hlaupara í þeirri ferð enda einmuna veðurbliða frá miðsumri og fram á haust.

Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir hélt áfram að gera það gott í brautar- og götuhlaupum og bætti sig í öllum vegalengdum sem hún keppti í á árinu, allt frá 1500 m upp í maraþon. Hún var valin í landsliðið í frjálsum og keppti fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni landsliða í Búlgaríu í sumar í 3000 og 5000 m hlaupum. Hún varð Íslandsmeistari í 5000 og 10.000 m brautarhlaupum og 10 km götuhlaupi og lauk keppnisumrinu á því að hlaupa maraþon á 2:53:19 sem var besti tími íslenskrar konu í maraþoni í ár og fimmti besti tími frá upphafi.

UFA Eyrarskokk átti þrjá fulltrúa í landsliðinu í utanvegahlaupum þau Önnu Berglindi Pálmadóttur, Rannveigu Oddsdóttur og Þorberg Inga Jónsson. Til stóð að liðið keppti á heimsmeistaramóti í utanvegahlaupum í Tælandi í nóvember en af því varð ekki vegna covid. Okkar fólk átti samt sem áður gott hlaupasumar og steig á pall í ófáum keppnishlaupum. Anna Berglind sigraði í 17,5 km í Hvítasunnuhlaupi Hauka, 53 km í Hengli Ultra og einni ferð upp Esjuna í Esjan Ultra. Þá jafnaði hún aldursflokkamet 40-44 ára kvenna í 5 km götuhlaupi þegar hún hljóp á 18:23 í Víðavangshlaupi ÍR. Rannveig Sigraði í 20 km Puffin run, 22 km í Hvítasunnuhlaupi Hauka, 24 km Dyrfjallahlaupi, 55 km í Súlu Vertical og 56 km í North Ultra og varð önnur í Laugavegshlaupinu og 25 km í Hengill Ultra. Þorbergur Ingi sigraði í Esjumaraþoni, 53 km í Hegill Ultra, 55 km í Súlu Vertical og 56 km í North Ultra og varð annar í Laugavegshlaupinu.

Lítið var um fræðsluerindi þetta árið þar sem erfitt var að koma slíku við vegna fjöldatakmarkana. Guðrún Arngrímsdóttir bauð upp á tvo tíma í teygjum og liðleika að hausti og haldinn var einn fundur

þar sem rætt var um framboðið af keppnishlaupum til að auðvelda hlaupurum að skipuleggja næsta hlaupaár.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður

Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi

Anna Berglind Pálmadóttir, meðstjórnandi

Anton Örn Brynjarsson, meðstjórnandi

## **Hlaup á vegum UFA 2021**

Hlaupahald er eitt af verkefnum deildarinnar. Frá stofnun hennar hafa félagsmenn komið að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og bætt nýjum hlaupaviðburðum inn í þá flóru sem fyrir var. Árið 2021 stóð UFA fyrir eftirtöldum hlaupum:

### **Vetrarhlaup**

Vetrarhlaupin hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar frá stofnun hennar 2003. Hlaupin eru haldin mánaðarlega frá október og fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Undanfarin ár hafa verið hlaupnar mismunandi leiðir 6-10 km langar og hefur ekki verið tímataka í hlaupunum heldur ræður röð manna í mark úrslitum í stigakeppninni. Covid setti sitt mark á framkvæmd hlaupanna þetta árið. Þau hlaup sem haldin voru vorið 2021 voru útfærð þannig að gefin var út hlaupaleið sem hlauparar höfðu þrjá sólarhringa til að hlaupa. Útbúið var „segment“ í hreyfiappinu Strava og röð hlaupara þar í gegn notuð til að raða efstu hlaupurum í sæti. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir hjá hlaupurum og var þátttaka svipuð og í síðustu hlaupunum fyrir covid, 70-80 manns í hverju hlaupi. Hlauparar glöddust engu að síður yfir því í haust að geta tekið upp fyrra fyrirkomulag og hlaupið leiðina saman.

### **1. maí hlaup**

Vegna fjöldatakmarkana vegna covid var ekki hægt að halda hlaupið með hefðbundnum hætti. Sett var upp hlaup með svipuðu fyrirkomulagi og vetrarhlaupin, það er útbúið „segment“ á strava og þeir sem skráðu sig og greiddu keppnisgjald áttu möguleika á að vinna útdráttarverðlaun. Þátttaka var frekar dræm, innan við 50 manns.

### **Akureyrarhlaup**

Akureyrarhlaup var haldið í þrítugasta sinn fimmtudaginn 1. júlí og voru þátttakendur um 150. Keppt var í þremur vegalengdum, 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og var 10 km hlaupið jafnframt Íslandsmeistaramót í greininni. Vegna vatnavaxta í Eyjafjarðará sem flæddi yfir göngustíginn fram í fjörð, þurfti að breyta hlaupaleiðinni í hálfmaraþoni á síðustu stundu og var brugðið á það ráð að hlaupa 10 km hringinn tvisvar sinnum og bæta við hann 1,1 km lykkju til að ná 21,1 km. Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir úr UFA og Arnar Pétursson úr Breiðabliki lönduðu Íslandsmeistaratitlunum í 10 km hlaupi. Sigþóra hljóp á 36:57 og Arnar á 31:51. Í 5 km hlaupinu sigraði Baldvin Þór Magnússon UFA á nýju brautarmeti 14:40 og Sonja Sif Jóhannsdóttir UFA sigraði í kvennaflokki á 19:52. Í

hálfmaraðoni var Jörundur Frímann Jónasson úr UFA fyrstur karla á 1:18:21 og Rannveig Oddsdóttir UFA fyrst kvenna á 1:27:23.

### **Súlur Vertical**

Eyrarskokkarar komu að undirbúningi hlaupsins sem félagið Súlur vertical stendur að. Tóku félagsmenn meðal annars að sér að merkja hlaupaleiðina og aðstoða við framkvæmd hlaupsins á hlaupadag. Vegna gildandi fjöldatakmarkana á hlaupadag þurfi að aðlaga skipulagið að því á síðustu stundu og fjölga ráshópum og gæta þess að ekki yrði óþarfa hópamyndun í kringum hlaupið. Vel tókst til með skipulag og framkvæmd hlaupsins og veðrið skartaði líka sínu fegursta þennan dag sem fullkomnaði stemninguna.

### **Hausthlaup UFA**

Hausthlaupið er hlaup með einfaldri umgjörð þar sem hlaupnar eru sömu 5 og 10 km leiðir og í Akureyrarhlaupi. Hlaupið var haldið 30. september og voru þátttakendur um 30.

### **Gamlárshlaup UFA**

Annað árið í röð þurfti að breyta fyrirkomulagi Gamlárshlaups vegna fjöldatakmarkana. Að þessu sinni var farin sú leið að hvetja fólk til að klæða sig upp og hlaupa eftir göngustígnum meðfram Drottningarbraut milli kl. 10.30 og 12.30 á gamlársgöngu. Þeir sem skráðu sig og greiddu þátttökugjald til UFA áttu möguleika á að hreppa útdráttarverðlaun frá fyrirtækjum í bænum. Ágætt þátttaka var í viðburðinum og hörð samkeppni í búningakeppninni þar sem keppt var um best klædda liðið. Elli og viðhöldin báru sigur úr bitum.



## Ársreikningur UFA Eyrarskokks 2022

	Tekjur	Gjöld
Æfingagjöld	2.204.500	
Laun		1.057.500
Ógreidd laun af fyrra ári		300.000
Bátur (Látrar)		110.000
Rúta (Látrar)		36.000
Laugavegur(bílstjóri)		14.200
Hlaupanámskeið	663.750	
Hlaupanámskeið		511.316
Tímatökubúnaður		28.399
Rúta (Heljardalsheiði)		195.000
Mobility		30.000
Jólahlaup		64.758
Innvextir	9.026	
Fjármagnstekjuskattur		1.986
<b>Samtals</b>	<b>2.877.276</b>	<b>2.349.159</b>